

## 5. bekkur hönnun og smíði

---

### Lýsing

Í list- og verkgreinum þroska nemendur með sér sjálfstætt gildismat, þar sem lögð er áhersla á að kynnast og njóta menningar. Nemendur fá að tjá sig og allir hafa hæfileika til að skapa.

Markmið með náms í hönnun og smíði er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnu, þjálfá einbeitningu, iðjusemi og verkfærni. Það er lögð áhersla á handverk, menningu og tengsl við verklegt framhaldsnám.

Í hönnun og smíði er unnið eftir hæfnimarkmiðum aðal

### Markmið

Markmiðið er að nemendur fái grunnhæfni í notkun verkfæra og læri að temja sér að umgangast þau og verkstæðið af virðingu. Að þeir fái að hanna eigin verk og nota nota sköpunargáfuna til fulls. Að þau geti unnið lausnarmiðað og sjálfstætt. Að auka sjálfstraust nemenda og virðingu gagnvart hvort öðru á verkstæðinu.

Að þau viti hvað verkfærin heita og virkni þeirra. Að þau beri virðingu fyrir umhverfinu sínu.

Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni. Hann öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómsundur eða heimilishald. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta miðað við notkun þeirra. Þar fléttast einnig inn áhersla á nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.

### Námsefni

Ýmis verkefni frá kennara

### Kennsluaðferðir

Verklegt námskeið. Nemendur vinna ákveðin verkefni eftir leiðbeiningum frá kennara.

Sýnikennsla. Kennari sýnir verkefnið fullgert.

Kennari aðstoðar, leiðbeinir og hvetur.

Samvinnunám. - Eitt verkefni á önn sem þau vinna saman í.

Lausnaleitarnám - leyfa þeim að finna lausnir á verkefni sjálf. Td. virkni hluta, hvernig á að festa efni saman, hvaða efni er best að nota osfrv.

Þetta er ekki þungt né flókið vegna aldurs nemenda.

### Námsmat

Símat - Frammistaða, vinnusemi og framför metin.

Sjálfsmat - Nemendur fá eyðublað og meta eigin frammistöðu.

### Hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

### Hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk - Handverk

- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.

### Hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk - Hönnun og tækni

- Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.

### Hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk - Umhverfi

- Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað.